

**HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
243. fundur – 4. mars 2019**

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 4. mars 2019. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl.16:30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar, Þóru Dögg Jörundsdóttur og Harðar Þorsteinssonar sem ritaði fundargerð. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 28. janúar 2019 liggur fyrir.

1. Starfsmannamál

- Nýr deildarstjóri, Þóra Dögg Jörundsdóttir hóf störf þann 1. mars sem deildarstjóri á sviði matvæla- og hollustuhátta. Nefndin býður hana velkomna til starfa.
- Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir að laugardaginn 2. mars hefði verið haldinn starfsmannadagur Heilbrigðiseftirlitsins og hefði hann tekist mjög vel.

2. Skipulagsmál

2.1 Urriðaholt, austurhluti 2, Garðabær

Lagt fram erindi skipulagsfræðings Garðabæjar frá 22. janúar 2019 þar sem óskað er umsagnar um deiliskipulag fyrir Urriðaholt, austurhluta 2.

[https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/skipulag-i-kynningu/urridaholt.-austurhluti-2.](https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/skipulag-i-kynningu/urridaholt.-austurhluti-2)

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir.

2.2. Lundahverfi, deiliskipulag, Garðabær

Lagt fram erindi skipulagsfræðings Garðabæjar frá 8. febrúar 2019 þar sem óskað er umsagnar um deiliskipulag fyrir Lundahverfi.

<https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/skipulag-i-kynningu> .

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir.

3. Vatnsvernd


3.1. Skíðavæði í Bláfjöllum, Kópavogsbæ.

Skiplagsstofnun óskar eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis um hvort og á hvaða forsendum framkvæmdir á Skíðasvæði höfuðborgarsvæðinu skuli háðar mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í lögum nr.106/2000 6. gr. og reglugerðar 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Niðurstaða Heilbrigðisnefndar síðastliðið haust, var sú að ónægar upplýsingar lágu til grundvallar framkvæmdaáætlun fyrir skíðasvæðin og því væri nauðsynlegt að krefjast umhverfismats á framkvæmdinni. En í ljósi aukins samráðs, nýrra gagna og áhættumats ásamt áformum um frekari rannsóknir á svæðinu, er það mat Heilbrigðiseftirlitsins að ekki sé lengur þörf á umhverfismati. Mikilvægt sé að úrbætur á Bláfjallavegi og Bláfjallaleið séu samhliða áframhaldandi uppbyggingu og framkvæmdum í Bláfjöllum og þegar í stað verði lokanir á Bláfjallavegi 417-2 eins og fram kemur á áhættumatsskýrslu VSÓ. Þá verði skoðað að lækka hámarkshraða á Bláfjallavegi í 70 km/klst. Jafnframt ítrekar Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis að sækja þarf um starfsleyfi fyrir hverja framkvæmd og huga að mótvægisáðgerðum sbr. greinagerð VSÓ til að lágmarka áhættu á mengunarslysi.

3.2. Fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu lögð fram.

Þar er m.a. fjallað um nýtt deiliskipulag fyrir athafnasvæði á Hólmsheiði, þar sem framkvæmdastjórnin vekur athygli á að hugað verði að vöktun á framkvæmdatíma og að starfsemi á svæðinu hafi ekki mengunarhættu í för með sér.



Þá tók framkvæmdastjórn fyrir erindi Skipulagsstofnunnar um hvort og á hvaða forsendum framkvæmdir á Skíðasvæðinu í Bláfjöllum skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Niðurstaða Framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu var sú að falla frá kröfu um umhverfismat á þeirri forsendu að aukið samráð, ný gögn og áhættumat, ásamt áformum um frekari rannsóknir á svæðinu, geri það að verkum að ekki sé lengur þörf á umhverfismati.

Þá vekur Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu athygli á að Orkustofnun hefur veitt Reykjavík Geothermal ehf. leyfi til rannsókna á mögulegum jarðhita við Bolöldu en rannsóknarsvæðið nær inná vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Framkvæmdastjórnin fékk ekki beiðni fyrirtækisins um rannsóknarleyfi til umsagnar og vekur því athygli á að allar framkvæmdir sem eru inná vatnsverndarsvæðinu þurfa starfsleyfi heilbrigðiseftirlits á grundvelli samþykktar nr.555/2015.

Þá var lögð fram árleg endurskoðun rennislílkans fyrir grunnvatn höfuðborgarsvæðisins sem unnin var af Vatnaskilum, fram til kynningar.

Tilkynningar, starfsleyfi, umsagnir, skýrslur, tilkynningar o.þ.h.

4.1. Tilkynningar

Um efni og vörur er koma í snertingu við matvæli, lögheimili, Langalína 30, Garðabæ, Smartco ehf, plastfilma til matvælaplöstunar.

5.1. Starfsleyfi

5.1.1. Garðatorg 1, Garðabær – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Auðuns Pálssonar, f.h. Bónus., kt.450199-3389, dags. 15.02.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir matvöruverslun að Garðatorgi 1, Garðabæ.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 26.02.2019. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 27.02.2019.

Samkvæmt aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er starfsemin á miðbæjarsvæði Ma(DII).

Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

5.1.2 Lyngás 12, Garðabær – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Sigurðar J. Sigurðssonar, f.h. Bifreiðaverkstæði Hátúni ehf., kt. 530110-1330, dags. 13.02.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Lyngási 12, Garðabæ.

Fastanúmer: F2071454. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 26.02.2019. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 27.02.2019.

Samkvæmt aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er starfsemin á athafna-, miðbæjar- og verslanasvæði Me(DII).

Með vísun til ákvæða reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Hafnarfjörður

5.1.3 Álfholt 56b, Hafnarfjörður – gististaður

Lögð fram umsókn Olga Shcheblykina f.h. Verkefni og lausnir ehf., kt.640518-0650, dags. 8.02.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir minna gistiheimili að Álfholt 56b, Hafnarfirði.

Fastanúmer: F2073292. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 8.02.2019. Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 11.02.2019.

Bréf sent umsækjanda, upplýsingar um svar byggingafulltrúa dags. 21.02.2019.

Mælt með eftirfarandi bókun:

Ekki liggur fyrir að húsnæði, hafi hlotið staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins.

Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er starfsemin á íbúðarsvæði (Ho(EII)).

Afgreiðslu frestað, þar sem ekki liggur fyrir að starfsemin fullnægi samþykktu notkun fasteignar.

5.1.4 *Berghella 2, Hafnarfjörður – meðferð og húðun málma*

Lögð fram umsókn Reynis B. Eiríkssonar, f.h. Zinkstöðin ehf., kt. 620119-0670, dags. 28.01.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis með zinkhúðun að Berghellu 2, Hafnarfirði. Fastanúmer: F2255707. Nýr rekstraraðili.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 25. 06. 2018.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 26.02.2019.

Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er starfsemin á iðnaðarsvæði (Me(Al)).

Með vísun til ákvæða reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

5.1.5 *Cuxhavengata 5, Hafnarfjörður – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Hilmars Þórs Hilmarssonar, f.h. Saltkaup ehf., kt. 460290-1559, dags. 22.02.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs vörugeymslu að Cuxhavengötu 5, Hafnarfirði. Fastanúmer: F2330033. Endurnýjun.

Fyrir liggur minnisblað dags. 04.03.2019.

Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er starfsemin á hafnarsvæði. Ma(BII).

Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er samþykkt starfsleyfi til tveggja ára meðan lokið er úrbótum.

5.1.6 *Helluhraun 14, Hafnarfjörður – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn G. Ægis Gunnarssonar, f.h. Vaxtarvörur ehf., kt. 590506-0360, dags. 7.02.2019, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Helluhrauni 14, Hafnarfirði. Fastanúmer: F2258382. Endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 7.02.2019.

Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er starfsemin á athafnasvæði (Ma(DII)).

Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5.1.7 *Hjallahraun 11, Hafnarfjörður – húðflúrstofa*

Lögð fram umsókn Svans Guðrúnarsonar, kt. 220262-5109 f.h. Lifandi list, dags. 12.02.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs húðflúrstofu að Hjallahrauni 11, Hafnarfirði. Fastanúmer: F2075714.

Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 19.02.2019.

Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er starfsemin á athafnasvæði (Ho(DII)).

Lög nr. 7/1998. Viðauki V. Starfsemi E. Húðflúrsstofur og stofur þar sem fram fer húðgötun, húðrof og fegrunarflúr. Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 Fylgiskjal I Húðflúrsstofur og stofur þar sem fram fer húðgötun, húðrof og fegrunarflúr

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5.1.8 *Miðvangur 39, Hafnarfjörður – leikskóli*

Lögð fram umsókn Huldu Snæberg Hauksdóttur, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579. dags. 28.01.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla að Miðvangi 39, Hafnarfirði. Fastanúmer: F2077975. Endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 15.02.2019.

Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er starfsemin á svæði samfélagsþjónustu Ho(DI)Ma(DI).

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5.1.9 *Suðurgata 9, Hafnarfjörður – gistiheimili*

Lögð fram umsókn Ýr Káradóttur, f.h. Reykjavík Trading Co., kt. 700412-1480, dags. 30.01.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir minna gistiheimili að Suðurgötu 9, Hafnarfirði.

Fastanúmer: F2079684. Ný starfsemi.

Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 6.02.2019. Samræmist ekki aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Bréf sent umsækjanda, upplýsingar um svar byggingafulltrúa dags. 6.02.2019.

Mælt með eftirfarandi bókun:

Ekki liggur fyrir að húsnæði, hafi hlotið staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun húsnæðisins.

Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er starfsemin á íbúðarsvæði (Ho(EII)).

Afgreiðslu frestað, þar sem ekki liggur fyrir að starfsemin fullnægi samþyktri notkun fasteignar.

5.1.10 Suðrhella 10, Hafnarfjörður – aðstaða meindýraeyðis

Lögð fram umsókn Magna Þórs Konráðssonar, f.h. Firing ehf., kt.700101-2740, dags. 7.02.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir aðstöðu meindýraeyðis að Suðrhellu 10, Hafnarfirði. Fastanúmer: F2306825. Endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 7.02.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags.15.02.2019. Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 18.02.2019, ekki komin lokaúttekt og húsið skráð fokhelt.

Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er starfsemin á athafnasvæði Me(CII).

Starfsleyfi samþykkt til tveggja ára með skilyrði um að samþykki byggingafulltrúa verði aflað á leyfistímanum.

Kópavogur

5.1.11 Bláfjöll, Kópavogur – tímabundið leyfi v/framkvæmda

Lögð fram umsókn Önnu Nielsen, f.h. Veitur ohf., kt. 501213-1870, dags. 7.02.2019, þar sem sótt er um tímabundið starfsleyfi vegna framkvæmda við að fjarlægja gamla háspennulínu á vatnsverndarsvæði í Bláfjöllum, Kópavogi. Tímabundið leyfi.

Fyrir liggur minnisblað dags. 26.02.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 1. júní 2019.

5.1.12 Borgarholtsbraut 19, Kópavogur – sala á brauði og kökum

Lögð fram umsókn Þórólfs H. Þorsteinssonar, f.h. Kársnes ehf., kt. 590499-2349, dags. 25.01.2019, þar sem sótt er um leyfi til sölu á brauði og kökum að Borgarholtsbraut 19, Kópavogi. Fastanúmer: F2059078. Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 19.02.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 8.02.2019

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á verslunar- og þjónustusvæði (Ma(DII))

Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5.1.13 Búðakór 1, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram að nýju umsókn Ómars Jónssonar, f.h. Samkaup hf., kt. 571298-3769, dags. 10.01.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir matvöruverslun að Búðakór 1, Kópavogi.

Fastanúmer: F2279579. Endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 21.2.2019.

Fyrir liggur úrbótaáætlun dags 13.02.2019.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á verslunar- og þjónustusvæði Ma(DII).

Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5.1.14 Hamraborg 10, Kópavogur – nálastungustofa

Lögð fram umsókn Þórunnar Birnu Guðmundsdóttur, kt. 180573-3219, dags. 23.01.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir nálastungumeðferð að Hamraborg 10, Kópavogi. Fastanúmer: F2061439.

Endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 20.02.2019.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á miðbæjarsvæði Ho(DII).

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5.1.15 *Hamraendi 1-3, Kópavogur – dýralæknaþjónusta*

Lögð fram umsókn Björgvins Þórissonar, f.h. Drösum ehf., kt. 440203-2990, dags. 25.11.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs dýralæknaþjónustu að Hamraenda 1-3, Kópavogi. Fastanúmer: F2324780. Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dagsett 4. mars 2019.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á athafnasvæði Me(CII).

Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og með vísun til ákvæða reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5.1.16 *Hlíðasmári 11, Kópavogur – mötuneyti*

Lögð fram umsókn Baldurs Hrafns Björnssonar, f.h. Tryggingastofnun-rekstur, kt. 501213-0120, dags. 25.02.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs mötuneytis fyrirtækis að Hlíðasmára 11, Kópavogi. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 26.02.2019.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á miðsvæði Ma(DII).

Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykka notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

5.1.17 *Hlíðasmári 14, Kópavogur – tannlæknastofa*

Lögð fram umsókn Elvu B. Sigurðardóttur, f.h. Tannbjörg ehf., kt. 680601-2160, dags. 7.02.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Hlíðasmára 14, Kópavogi. Fastanúmer:F2227797. Endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 08.02.2019

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á miðsvæði Me(DII).

Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.b. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5.1.2 *Hæðasmári 2, Kópavogur – sjálfafgreiðslu bensínstöð*

Lögð fram umsókn Jóns Páls Leifssonar, f.h. Dælan ehf., kt.460918-0570, dags. 23.01.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bensínstöðvar.

Nýr rekstraraðili.

Með vísun til ákvæða reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

5.1.3 *Hæðasmári 6, Kópavogur – snyrti- og fótaaðgerðastofa*

Lögð fram umsókn Margrétar Freyju Sigurðardóttur, kt. 270188-2739, f.h. Tulip snyrti- og fótaaðgerðastofu, dags. 30.01.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrti- og fótaaðgerðastofu að Hæðasmára 6, Kópavogi. Fastanúmer: F2286411.

Eigendaskipti.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags 28.02.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 26.02.2019.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á miðsvæði Ho(DII).

Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Hársnyrtistofur. Snyrtistofur.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er útgáfa starfsleyfis frestað meðan unnið er að úrbótum.

5.1.4 *Kríunes, Vatnsendablettur, Kópavogur – gististaður TS*

Lögð fram að nýju umsókn Björns Inga Stefánssonar, f.h. Kríunes ehf., kt. 670602-4190, dags. 14.01.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir gististað að Kríunesi Vatnsendabletti, Kópavogi.

Fastanúmer: F2066732. Endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 30.01.2019.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á svæði verslunar og þjónustu Ho(DII)Ma(DII).

Fyrir liggur tölvupóstur frá umsækjanda dags. 7.02.2019 varðandi úrbætur.

Fyrir liggja tölvusamskipti frá 7.2, 12.2. og 13.2.

Fyrir liggur minnisblað 26.02.2019.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

5.1.5 *Salavegur 2, Kópavogur – sjálfafgreiðslu bensínstöð*

Lögð fram umsókn Jóns Páls Leifssonar, f.h. Dælan ehf., kt.460918-0570, dags. 23.01.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bensínstöðvar.

Nýr rekstraraðili.

Með vísun til ákvæða reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

5.1.6 *Smiðjuvegur 6, Kópavogur – fæðubótaefni*

Lögð fram umsókn Svavars Jóhannssonar, f.h. SM6 ehf., kt. 570119-1170, dags 28.01.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla. Fastanúmer: F2258561. Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 11.02.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 5.02.2019.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á athafnasvæði Ma(CII).

Með vísun til ákvæða matvælalaga er útgáfa starfsleyfis frestað þar sem upplýsingar um rekjanleika matvæla vantar.

5.1.7 *Smiðjuvegur 12, Kópavogur – pökkun á efnavörum*

Lögð fram umsókn Benjamíns Friðrikssonar, f.h. Heildverslunar B.B. ehf., kt. 501188-1079, dags. 4.12.2018, þar sem sótt er um leyfi til blöndunar og pökkunar á efnavörum að Smiðjuvegi 12, Kópavogi. Fastanúmer: F2065311. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 09.01.2019. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 25.01.2019.

Fyrir liggja minnisblöð heilbrigðiseftirlits dags. 10.12.2018 og 14.01.2019.

Fyrir liggja teikningar umsækjanda um útfærslur á mengunarvörnum, tölvupóstur 31.01.2019

Með vísun til ákvæða reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

5.1.8 *Smiðjuvegur 68-70, Kópavogur – hárgreiðslustofa*

Lögð fram umsókn Þóru Bjargar Birgisdóttur, f.h. Betri Stofan ehf., kt. 510918-0880, dags. 14.12.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Smiðjuvegi 68-70, Kópavogi. Fastanúmer: F2215717. Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 19.12.2018. Gefinn var frestur til 31. janúar til úrbóta.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 26.02.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 22.01.2019. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 25.01.2019.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á athafnasvæði Ho(CII).

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

5.1.9 *Vallakór 4, Kópavogur – tannlæknastofa*

Lögð fram umsókn Birgis Péturssonar, f.h. Tannlæknastofu Kópavogs slf., kt. 440313-0350, dags. 7.02.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Vallakór 4, Kópavogi.

Fastanúmer: 2311637. Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 26.02.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags.26.02.2019.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á verslunar- og þjónustusvæði Me(DII).

Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.b. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5.2. Umsagnir

Hafnarfjörður

5.2.1 *Kaplakriki, Hafnarfjörður –samkoma, tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 6.02.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fimleikafélags Hafnarfjarðar, kt. 540169-2769 um tækifærisleyfi vegna samkomu sem haldin verður í íþróttahúsinu Kaplakrika, Hafnarfirði, þann 2.3.2019 frá kl. 19.00 – 02.00. Jákvæð umsögn samþykkt.

5.2.2 *Linnestígur 1, Hafnarfjörður –veitingastaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 27.02.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Tilveru veitingahús ehf., kt. 460606-1950, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað samkvæmt flokki II við Linnestíg 1. Hafnarfirði. Jákvæð umsögn samþykkt með vísun til starfsleyfis dags. 27.08.2018.

Kópavogur

5.2.3 *Bæjarlind 2, Kópavogur –veitingastaður, rekstrarleyfi.*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 28.01.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Braggapizzu ehf., kt. 441102-3050, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað samkvæmt flokki II við Bæjarlind 2, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 20.02.2019. Jákvæð umsögn samþykkt með vísun til starfsleyfis dags. 29.05.2017.

5.2.4 *Bæjarlind 6, Kópavogur –samkoma, tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 29.01.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn ÁB ehf /Spot ehf, kt. 500914-0330 um tækifærisleyfi, lengri opnun vegna útsendingar á úrslitaleiks í Superbowl í SPOT, Bæjarlind 6, Kópavogi, þann 3.02.2019 frá kl. 20.30 – 04.00. jákvæð umsögn samþykkt.

5.2.5 *Kríunes Vatnsendabletti, Kópavogur – gististaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 14.12.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kríunes ehf., kt. 670602-4190, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gistiheimili samkvæmt flokki IV við Kríunes Vatnsendabletti, Kópavogi. Jákvæð umsögn samþykkt.

5.3. *Annað*

5.3.1 *Dýr í strætó.*

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti óskar eftir umsögn Heilbrigðisnefndar á undanþágu beiðni frá Strætó um að heimila þeim að flytja dýr í almennum farþegarýmum samgöngutækja. Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við að undanþágan sé veitt áfram.

5.3.2 *Áætlun sveitarfélaga um úrbætur í fráveitumálum.*

Lagt fram til upplýsinga niðurstaða er varðar áætlanir sveitarfélag um úrbætur í fráveitumálum.

5.3.2.

Vöktun þungmálma og brennisteins í mosa, skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Lögð fram til kynningar skýrsla gerð af Náttúrufræðistofnu Íslands, Vöktun þungmálma og brennisteins í mosa á Íslandi 1990-2015. Áhrif frá iðjuverum og eldvirkni. Rannsóknin er hluti af evrópskri rannsókn sem gerð er á fimm ára fresti til að meta dreifingu og styrk brennisteins og ýmissa þungmálma í umhverfinu.

Árið 2013 kom út hliðstæð skýrsla sem sýndi niðurstöður úr sýnatöku er fór fram árið 2010. Í kjölfarið fór Hafnarfjarðarbær og heilbrigðisnefnd í viðamiklar rannsóknir þar sem m.a. styrkur þungmálma í andrúmslofti (svífryki) var rannsakaður á svæðinu milli iðnarhverfisins og byggðarinnar á Völlum. Dökk mynd sem skýrsluhöfundur dró upp af dreifingu mengandi efna frá iðnaðarhverfinu við álverið í Straumsvík kallaði á ítarlegri rannsóknir. Niðurstaða vísindamannanna Guðjóns Atla Auðunssonar og Hermanns Þórðarsonar hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands var:

„Þær upplýsingar, sem liggja nú fyrir úr mælingum á ólfrænum snefilefnum við Norðurhelli, benda til að styrkur þeirra sé almennt mjög lágur og vel undir viðmiðunarmörkum um andrúms loft á Íslandi þegar slík mörk eru fyrir hendi (As, Cd, Ni, Pb). Leita þarf til lítt mengaðra svæða í Evrópu til að finna jafnlága styrki málma og finna má við söfnun á PM_{10} við Norðurhelli.“ (6EM12123)


Heilbrigðisnefnd gerir eftirfarandi bókun:

Heilbrigðisnefnd varar við oftúlkun á niðurstöðum skýrslunnar. Aðferðafræðin sem lögð er til grundvallar við túlkun á niðurstöðum mælinga er sniðin að því að meta dreifingu snefilefna á stórum landsvæðum en rannsóknir nefndarinnar hafa sýnt fram á að túlkunin hentar ekki eins vel við mælingar á staðbundnum svæðum inni á iðnaðarsvæðum. Til að leggja mat á fyrirliggjandi gögn á slíkum svæðum þarf að vera til staðar þekking á uppruna og dreifingu snefilefna í nærumhverfi.“

5.3.3. Loftgæðamælingar HHK á Norðurhelli í Hafnarfirði og Dalsmára í Kópavogi. Lagt fram til kynningar skýrslur fyrir loftgæðamælingar, unnar af Nýsköpunarmiðstöð.

5.3.4. Frumvarp um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir o.fl. tengdum lögum. Umhverfis- og samgöngunefnd óskar eftir umsögn um frumvarpið. Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að ganga frá umsögn um frumvarpið í samræmi við umræður á fundinum.

5.3.5. Frumvarp til laga um breytingar á efnalögum nr. 61-2013. Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn heilbrigðiseftirlitsins sem kynnt var á fundinum.



Jón Haukur Ingvason

Ingibjörg Hauksdóttir

Linda Hrönn Þórisdóttir

Sævar Gíslason

Gnýr Guðmundsson

Sigurður M. Grétarsson